

161
22. júlí

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Hrafnagilshreppi.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem aðgangur er seldur að og eigi eru að lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:
 - a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
 - b. Sjónleikir.
 - c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
 - d. Fyrirlestrar og upplestrar.
 - e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
2. flokkur:
 - a. Dansleikir og danssýningar.
 - b. Loddara- og fjölleikasýningar.
 - c. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

Skatturinn er hundraðshluti af inngangseyri.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, til styrktar listum o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann, fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar, í tæka tíð, alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina.

Eigi seinna en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá sem fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkvæmt 3. gr., af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

Oddviti eða eftirlitsmaður skemmtana getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

161

22. júlí

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renni í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Hrafnagilshrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum eftir því sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000.00 krónum. Mál, sem rísa kunna út af reglugerð þessari, skal farið með að hætti almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. júlí 1952.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

162

29. júlí

Með því að Ásgeir Ásgeirsson, alþingismaður, hefur lagt niður þingmennskumboð sitt fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 25. júlí 1952 að telja, þá er hér með samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir þann tíma, er hinn fráfarandi þingmaður átti eftir, skuli fara fram 21. september n. k.

Frestir er um ræðir í 19. gr. kosningalaganna stytast þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 7 vikum fyrir kjördag, en auglýsingafresturinn skal felldur niður.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júlí 1952.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.